Fræðslu- og símenntunarmiðstöð
Vestmannaeyja

Ársskýrsla

Samantekt um árið 2018
Starfsáætlun 2019

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT 2

1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR 3

STOFNAÐILAR VISKU 3
STJÓRN OG VARASTJÓRN 3
STARFSFÓLK 3

2. SKÝRSLUR 4

3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2018 5

4. UM FRÆÐSLUSTARFIÐ / SÍMENNTUN 2018 6

5. NÁMSMENN 8

6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT 11

7. SAMSTARF OG VERKEFNI 15

8. STARFSÁÆTLUN 2019 17

9. FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI 17

10. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN 19

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fáanlegri fjarkennslutækni hverju sinni.

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf. (nú Tölvun), Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, (þáverandi nú VR), Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járniðnaðarmanna (þáverandi nú FIT), Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja,(nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands) Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem síðar var lagt niður.

Stjórn og varastjórn

Aðalmenn	**Varamenn**
Arnar Sigurmundsson, formaður	Davíð Guðmundsson
Helga Björk Ólafsdóttir, varaformaður	Páll Marvin Jónsson
Gísli Eiríksson	Unnur B. Sigmarsdóttir
Gunnar Gunnarsson	
Arnar G. Hjaltalín	

Endurskoðandi: Deloitte ehf
Skoðunarmenn: Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 15. maí 2018.

Starfsfólk

Stöðugildi Visku eru tvö og að auki aðkeypt þjónusta bæði frá Þekkingasetri Vestmannaeyja og víðar. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfi og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi einnig í fullu starfi. Þjónustufulltrúar Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfa einnig í ákveðnu stöðuhlutfalli fyrir Visku. Þar að auki er Jóhanna Lilja Eiríksdóttir í vinnu fyrir Visku sem verktaki í umsýslu við námskeið og kennslu.

2. Skýrslur

Breyttu umhverfi fylgja nýjar áskoranir

Nú eru liðin rúm 16 ár frá stofnun Visku sem er yngsta og minnsta fræðslu- og símenntunarmiðstöðin á landsbyggðinni. Árið 2018 var ekki síður viðburðaríkt en flest fyrri árin. Nú eru liðnir 16 mánuðir frá því Viska flutti starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði Þekkingarseturs Vestmannaeyja að Ægisgötu 2. Viska leigir samtals um 200 fermetra af þessu 1000 fermetra húsnæði í sérrými og sameiginlegu rými og er stærsti einstaki leigutakinn. Fjórtán fyrirtæki og stofnanir eru nú saman á einu gólfi og felur það í sér mikla möguleika til nánara samstarfs. Reynslan sem komin er lofar góðu um framhaldið. Hlutur Visku í nýja húsnæðinu er töluvert minni í fermetrum en í fyrra húsnæði á jarðhæð Strandvegs 50, en nýting þess mun betri. Húsnæðiskostnaður hækkar nokkuð í heildina, en slíkt fylgir oftast nýju húsnæði. Nýja húsnæðið sem er á 2. hæð var áður pökkunarsalur í Fiskiðjunni sem var eitt af stóru frystihúsunum í Eyjum og á hæðinni störfuðu áður allt að 100 manns, meirihluti þeirra konur.

Allt atvinnulíf hefur tekið stórfelldum breytingum á liðnum áratugum ekki síst í sjávarútvegi og þar skiptir tæknibyltingin mestu og hefur störfum á sjó og í landi fækkað mikið. Þess meiri þörf er fyrir aukna menntun sem nýtist í gjörbreyttu umhverfi og þar leikur starfsemi Visku og annarra fræðsluaðila stórt hlutverk.

Starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva hefur löngu fest sig vel í sessi og er orðinn virkur hluti af fræðslukerfinu. Möguleikar á framhaldsfræðslu, ásamt auknu gildi náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats, skiptir miklu fyrir möguleika fjölda fólks sem hefur mikla reynslu á vinnumarkaði en skortir upp á formlega menntun.

Framlag ríkisins af fjárlögum og samningar Visku við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins FA um vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf ásamt raunfærnimati hafa myndað traustan grunn fyrir reksturinn. Að þessu viðbættu koma samningar um íslenskunámskeið fyrir útlendinga, sértækir verksamningar og tómstundanámskeið. Framboð og vægi hefðbundinna tómstundanámskeiða er nú orðið mjög lítið en atvinnutengd námskeið hafa aukist. Til að framkvæma öll þessi verkefni koma margir aðilar að verki. Auk tveggja fastra starfsmanna Visku, koma þar við sögu í verktöku fjöldi aðila við kennslu og aðstoð við þessi fjölbreyttu verkefni.

Rektur Visku hefur gengið vel flest árin. Afkoman 2018 er í samræmi við rekstraráætlun ársins sem gerð var í ársbyrjun. Ávallt hefur vel verið haldið um fjármálin og þess vandlega gætt að halda útgjöldum innan þeirra marka sem árleg rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Það skiptir miklu að fjármálin séu í góðu lagi, því ávallt má búast við misjöfnum árum í sveiflukenndum rekstri.

Fyrri starfsstöð Visku, Strandvegur 50, 3ja hæða hús með um 20 bílastæðum sem er staðsett við eina aðalgötu bæjarins var sett í söluferli á síðasta ári. Nokkrir aðilar hafa sýnt húsinu áhuga og þess er vænst að húsið seljist þegar komin verður góð reynsla á nýjan Herjólf og bættar samgöngur á sjó milli Eyja og Landeyjahafnar. Eignarhlutur Visku í húsinu er 36% og Vestmannaeyjabæjar 64%.

Breytingar á námsframboði og verkefnum kalla á beinna og virkara markaðsstarf. Samkeppni milli þeirra sem bjóða upp á framhaldsfræðslu mun aukast á næstu misserum. Viska stendur þar vel að vígi með gott sérmenntað starfsfólk , nýtt og glæsilegt húsnæði ásamt öflugu tengslaneti.

Að endingu þakka ég stjórn og starfsfólki Visku fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Vestmannaeyjum 9. maí 2019

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar

3. Samantekt á árinu 2018

3.1. Styrkir og vildargjöld 2018

Á fjárlögum fyrir árið 2018 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanáms og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1 .

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og þjónusta við háskólanám	25.400.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	4.790.000,-
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	6.310.950 ,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	12.500.000,-
Fjölmennt	Námskeið fyrir einstakl. m/fötlun	0,-
Rannís	Íslenska fyrir útlendinga	3.000.000,-
Samtals:		52.000.950

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2018.

3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2018 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 25.400 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2015. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Að bjóða að auki upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á. Þjónusta vegna háskólanáms er metin sem 25% af starfseminni. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“[1]

3.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2018 gerði Viska samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat að upphæð 23.600.950 kr. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 12.500.000 kr. Ekki var sótt um viðbót til námsleiða enda tókst ekki að vinna upp í þann samning á árinu.

[1] Úr samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.700.000 kr. en svo fékk Viska viðbótarframlag síðla árs og því var heildarframlagið til ráðgjafar 4.790.000 og var unnið upp í þann samning. Til raunfærnimats fengust 6.310.950. Unnið var upp í gerða samninga í raunfærnimati skipstjórnar og samstarfsverkefni í iðngreinum.

3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélögin í Vestmannaeyjum, Landsmennt, Sveitamenn, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á. Nú hefur vefurinn www.attin.is bæst við sem flýtir fyrir og einfaldar umsóknir um fyrirtækjastyrki.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölmennt, SFS, Virk og Vinnueftirlitið. Samstarf Vinnumálastofnunar og Visku hefur aukist undanfarin misseri sem og við Virk. Haldin voru fjögur námskeið fyrir Vinnumálastofnun á árinu 2018.

3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Ægisgötu 2. Þar hefur Viska á að skipa einni skrifstofu, þar sem undirrituð og náms- og starfsráðgjafi deila skrifstofu. Auk þess eru tveir kennslusalir og fjögur fundarherbergi sem Viska deilir með öðrum stofnunum í húsinu. Mestu munar um stórbætta aðstöðu fyrir fjarnema.

3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu námsvísis. Námsvísar Visku eru almennt gefnir út tvisvar á ári með ýmsu sniði auk þess sem Facebooksíða Visku verður jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Viska opnaði nýja heimasíðu í desember 2018 og erum við að feta okkur inn í nýtingu hennar. Enn virðist virkni meiri á facebooksíðu. Heimasíða Visku var endurunnin á árinu 2018 og umferð um hana hefur verið að aukast.
Námskeiðahald hefur verið með öðru sniði en árin á undan. Námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir eru í auknum mæli vinsælli en námskeið þar sem þátttakendur greiða sjálfir.

4. Um fræðslustarfið / símenntun 2018

Árið 2018 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga sem innblað í Eyjafréttum í febrúar og september. Auk þess hefur vefur Eyjafrétta og fleiri aðila verið virkjaðir til auglýsinga fyrir Visku. Í námsvísi Visku var þjónusta hennar kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið.
Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna 2018 samanborið við árin þar á undan.

4.1 Námskeið

Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti). Árið 2018 voru haldin 31 námskeið, sem dreifðust á tvær annir. Innan þeirra er námskeið í endurmenntun atvinnubílstjóra. Það námskeið er samsett af fimm dagsnámskeiðum en fært sem eitt námskeið. Þetta námskeið var haldið bæði vor og haust. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi. Mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir og fjölda þátttakenda.



Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2019



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2018 eftir námskeiðsflokkum

5. Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um þróun nemendastunda þá má sjá að fjöldi þeirra er breytilegur milli ára. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2018 eru 1.396 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 19.433 alls. Þetta er fækkun frá fyrra ári og helsta ástæðan líklega eins og getið var hér fyrr að Endurmenntun atvinnubílstjóra sem haldið var tvisvar telst bara eitt námskeið.



Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004-2019

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kennslustunda á sama námskeiði.
Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA. Það er eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni.

Myndin tekin af námskeið í 12 metra réttindum, smáskipanámi

Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum. Fjöldi kvenna á vorönn 2019 grundvallast af námskeiðum í sálgæslu fyrir grunn- og leikskóla sem og félagsþjónustu. Þau námskeið voru mjög vel sótt og þar eru konur í miklum meirihluta. Árið 2018 voru fleiri karlmenn sem sóttu námskeið hjá Visku en konur. Karlmönnum er að fjölga á íslenskunámskeiðum, og endurmenntun atvinnubílstjóra eru nánast hrein karlanámskeið.



Myndir 4. Kynjaskipting á námskeiðum 2003 og fram til vors 2019

Námskeið Visku eru flokkuð í fimm flokka auk námsleiða og námskeiða fyrir einstaklinga með fötlun. Námsleiðirnar eru gjarnan starfstengd námskeið eins og Grunnnám fiskvinnslu og Endurmenntun atvinnubílstjóra svo eitthvað sé nefnt. Sum tómstundanámskeið eru jafnframt starfstengd fyrir suma og getur haft áhrif á flokkunina. Myndir fimm og sex sýna annars vegar þátttöku eftir flokkum og svo nemendastundir eftir flokkum.



Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námsflokkun 2018 og 2019



Mynd 6. Þróun nemendastunda eftir námskeiðum 2018-2019

Árið 2018 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 617 að tölu, en á vorönn 2019 hafa þeir náð 311.



Mynd 7 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.

6. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Ráðgjöfin

Náms- og starfsráðgjöfin árið 2018 tengdist töluvert raunfærnimati. Um 57% ráðgjafarinnar var vinna við þessi verkefni. Einnig tengdist ráðgjöfin töluvert þeim námsleiðum sem voru í gangi. Ekki var þörf á að auglýsa almenna náms- og starfsráðgjöf mikið á árinu því að fólk kom að eigin frumkvæði, oft eftir að hafa heyrt um hana frá fyrrum ráðþegum. Sú ráðgjöf fólst mikið í að veita upplýsingar um ýmis konar nám, áhugasviðsgreiningar og persónulegan stuðning vegna ýmissa hindrana.

Samtals voru tekin 300 viðtöl á árinu 2018. Enn og aftur voru áberandi fleiri karlar og helgast það að miklu leyti af raunfærnimati í skipstjórn, en fjöldi viðtala með körlum var 248, eða um 83%. Fjöldi viðtala með konum var 52, eða um 17%. Meirihluti ráðþega mætti í fleiri en eitt viðtal. Þegar um er að ræða áhugasviðsgreiningar er fjöldi viðtala oft tvö til þrjú. Í raunfærnimatinu fara þátttakendur í gegnum ákveðið ferli sem náms- og starfsráðgjafi leiðir og styður þá í gegnum. Það felur í sér nokkurn fjölda viðtala, en þar sem að stór hluti þátttakenda kom víðs vegar að af landinu fór töluverður hluti ráðgjafarinnar fram í gegnum síma eða tölvupóst. Í sumum tilfellum sér ráðgjafi ekki ráðþegann fyrr en í gegnum skype í matsviðtali og stundum jafnvel ekki þá. Á móti kemur að ráðgjafar hinna ýmsu símenntunarmiðstöðva um landið sinna oft á tíðum ráðgjöfinni við undirbúning undir matsviðtölin. Samt sem áður er ætið lögð áhersla á að vera í reglulegu símasambandi við ráðþegana til að byggja upp gott ráðgjafasamband.

Raunfærnimat

Raunfærnimat var í gangi í skipstjórn á landsvísu og í iðngreinum í samstarfi við Iðunna. Þátttakenda var aflað í gegnum auglýsingar, bæði í blöðum og á fésbókinni, einnig hafa skólar, vinnustaðir og fyrrum þátttakendur vísað fólki á raunfærnimatið.

Raunfærnimatið í skipstjórn

Eins og áður var raunfærnimatið í skipstjórn í boði yfir allt árið. Það voru 40 sem hófu ferlið og 26 þeirra luku því. Allt voru þetta karlmenn og var meðalaldur þeirra 41 ár, yngstur var 25 ára og elstur var sextugur. Hluti þátttakenda frestaði matinu fram á næsta ár vegna anna, en aðrir duttu út án sérstakra ástæðna og reyndist erfitt að ná sambandi við þá. Forsenda þess að geta haldið raunfærnimatinu í skipstjórn gangandi fyrir starfandi sjómenn er að bjóða upp á það jafnt og þétt yfir árið. Til þess að það sé gerlegt verða matsaðilarnir að vera mjög sveigjanlegir með tíma og höfum við verið einstaklega heppin hvað það varðar. Matsaðilarnir voru fimm, þrír eru í Vestmannaeyjum, einn á Ísafirði og einn á Reykjanesi. Matsviðtölin fara meira eða minna fram í gegnum skype og hefur það gengið mjög vel. Meira að segja bæta þátttakendur net í gegnum skype með prýði. Gott samstarf við símenntunarmiðstöðvar í kringum landið er einnig nauðsynlegt og hefur það gengið mjög vel.

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar

Nokkur áhugi var fyrir raunfærnimati í iðngreinum. Í matartækni luku tveir þátttakendur mati og stefna á að hefja námið næsta haust. Tveir fóru í gegnum mat í vélvirkjun, einn í netagerð og tveir í vélvirkjun.

Starfakynningin

Þegar ljóst var að Starfakynningin sem haldin var í Vestmannaeyjum vorið 2015 heppnaðist gríðarlega vel var mikill áhugi á að endurtaka leikinn, enda var þörfin svo sannarlega enn til staðar. Ákveðið var að nýta þá dýrmætu reynslu sem fékkst 2015 og hafa kynninguna með sama fyrirkomulagi. Stjórn Visku ákvað að halda aftur utan um framkvæmd starfakynningarinnar og var stefnt að því að hafa hana vorið 2018, með því væri tryggt að kynningin yrði ekki á sama tíma og Starfamessan á Selfossi.
Verkefnið fékk styrk frá SASS, einnig fékkst styrkur frá eftirfarandi aðilum: Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, Landsmennt, Ríkismennt, Sveitamennt, og Vestmannaeyjabæ.
Eins og áður var hugmyndin að kynna fyrir grunnskólanemum, framhaldsskólanemum og fullorðnum, nám og störf því að þeir sem starfa í menntageiranum í Vestmannaeyjum hafa orðið áþreifanlega varir við skort á tengingu nemenda við atvinnulífið. Starfsfræðsla er mikilvæg til að auðvelda fólki að velja sér hentugan starfsvettvang og er þessi leið kjörin til að ná eyrum fólks vegna þess að hún er áþreifanleg.
Stefnt var því að halda sýningu þar sem að kynntar yrðu allar helstu starfsgreinar í Eyjum og á Suðurlandi. Það tókst hvað Vestmannaeyjar varðar. Settir voru upp básar þar sem starfsmenn fyrirtækja kynntu sitt starf og sitt fyrirtæki. Jafnframt var sett upp á myndrænan hátt hvaða leið þarf að fara í námi til að vinna við tiltekið starf. Ýmsir kostir felast í því að hafa svona stóra sýningu. Í fyrsta lagi þjónar hún flestum aldurshópum í bænum. Í öðru lagi vekur hún athygli bæjarbúa á fjölbreytileika starfa sem eru á meðal okkar. Í þriðja lagi veitir hún möguleika á samstarfi milli sveitarfélaga á Suðurlandi. Þess utan gæti þetta orðið jákvæð auglýsing á okkar bæjarfélagi.
Unnið var út frá eftirfarandi markmiðum:

- Að auka þekkingu almennings á störfum í atvinnulífinu
- Að auka þekkingu ungmenna á þeim námsleiðum sem í boði eru
- Að auka þekkingu ungmenna á fjölbreytileika starfa í heimabyggð þar sem krafist er menntunar
- Að efla tengsl milli atvinnulífs og skóla

Starfakynningin var haldin þriðjudaginn 24. apríl í nýju húsnæði Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Störfin sem voru kynnt voru 61 samtals á níu sviðum. Starfssviðin voru eftirfarandi: Heilbrigðisvísindasvið, ferðamálasvið, menntavísindasvið, ráðgjafasvið, iðn- og tæknisvið, sjávarútvegssvið, viðskiptasvið, raungreinasvið og öryggissvið. Húsnæði Þekkingarseturs Vestmannaeyja reyndist henta þessari kynningu mjög vel. Hverju svæði var skipt upp í bása. Hverjum þátttakanda var úthlutaður bás sem hann hafði frjálsar hendur um að nýta til kynningarinnar. Útfærslur á kynningarsvæðum voru mjög fjölbreyttar. Meirihluti þátttakenda lögðu mikla vinnu í kynningarsvæðið sitt og höfðu greinilega metnað fyrir verkefninu og náðu þar af leiðandi vel til nemenda og annarra gesta.



Óhætt er að segja að almenn ánægja hafi verið með starfakynninguna, bæði á meðal þátttakenda og gesta. Einnig var mjög jákvæð umfjöllun um kynninguna í fjölmiðlum bæjarins. Það er samdóma álit þeirra sem unnu að þessari starfakynningu að vel hafi tekist til eins og hægt er að ætlast til af dagskynningu, því að starfaflóran sem var kynnt var mjög fjölbreytt. Nemendurnir voru líka undirbúnir undir sýninguna með verkefni sem auðveldaði þeim að einbeita sér að þeim störfum sem vöktu áhuga þeirra. Ánægjulegt var að sjá foreldra koma með börnum sínum til að velta vöngum með þeim, Það tókst að fjölga þátttakendum frá fyrri sýningu og er óhætt að segja að búið er að afsanna þá ímynd að hér ríki fábreytni í störfum. Með þessari sýningu var einnig stefnt að því að ná til hins



almenna bæjarbúa á vinnumarkaði. Það virðist ekki hafa tekist nema að nokkru leyti því að fjöldi slíkra gesta var minni en væntingar voru með.

Nú hefur Viska haldið utan um starfakynninguna tvisvar, í samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, og gert það með sóma. Starfakynningin hefur sannað gildi sitt. Mikilvægt er að þróa þetta verkefni áfram og prófa nýjar leiðir því að þörfin er svo sannarlega til staðar. Myndir hér meðfylgjandi er frá Starfakynningu.



Mynd 8 . Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförnum árum



Mynd 9 . Þróun raunfærnimats hjá Visku á undanförnum árum

Sólrún Bergþórsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi Visku

Myndir frá Grunnnámi fiskvinnslu

Myndin er af próftöku leikskólakennaranema

7. Samstarf og verkefni

7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þéttriðið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis 2018 sátu Guðjónína Sæmundsdóttir,MSS Reykjanesbæ, formaður, Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis gjaldkeri, og Bryndís Þráinsdóttir Farskólinn, ritari

Mynd 11. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík.

Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Haustfundur Kvasis 2018 var haldinn í Stykkishólmi og vorfundurinn 2019 var á Húsavík, nú í apríl. Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is Þar má meðal annars lesa ársskýrslur samtakanna. Á mynd 11 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2018-2019 var Guðrún Vala Elísdóttir. Auk hennar eru í stjórn Leiknar Guðrún Lárusdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Helga Gísladóttir og Ólafur Ástgeirsson. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is Leikn hefur haldið fjölda fjarfræðsluerinda á starfsárinu. Hvert erindi er um 40 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eru allar upptökur aðgengilegar á heimasíðu Leiknar. Þar eru enn fremur leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin.

7.2 Tímabundin verkefni

Viska er aðili að verkefni sem kallast Sjósókn, Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi. Markmið þessa verkefnis, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Viska er samstarfsaðili og ber ábyrgð á raunfærnimati í skipstjórn í verkefninu.

Ordinord. Verkefninu Ordinord lauk með fundi 4.-6. júní sl. hér hjá okkur í Visku. Sjá má afrakstur verkefnisins inn á https://handheldelearning.wordpress.com/
Niðurstaða verkefnisins var að enn vantar mikið á að vinna námsefni til tungumálakennslu eins og t.d íslensku fyrir útlendinga. Sótt var um styrk til þess verkefnis og í sl. viku barst okkur svar um að umsóknin hefði verið samþykkt.

Menntabúðir er eitt að sérverkefnum sem Viska leiddi af stað. Verkefnið er í eðli sínu endurmenntun þar sem þátttakendur læra hver af öðrum. Við fengum til liðs við okkur forvera minn Bergþóru Þórhallsdóttur ásamt fríðu föruneyti og stofnuðum Eyjamennt. Tvennar menntabúðir voru haldnar á starfsárinu 2018 og búið er að leggja drög að fjórum slíkum á starfsárinu 2018-2019. Mikil ánægja var með þetta framtak og ljóst að það er komið til að vera.

Starfakynning. Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, í samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum héldu starfakynningu þriðjudaginn 24. apríl frá kl. 10:00 -15:00 hér í Fiskiðjunni. Námsráðgjafi hefur fjallað nánar um það í sínum texta.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og matsaðilar í raunfærnimati hjá Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

7.4 Vinnumálastofnun og Virk

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um fundaaðstöðu fyrir Vinnumálastofnun. Eftir flutning yfir í Fiskiðju hefur sú leiga færst yfir á hendur Þekkingasetursins. . Nú er hlutfall atvinnulausra í Eyjum heldur hærra en vonir stóðu til og ungir atvinnulausir þar í miklum meirihluta. Viska og VMST hafa haldið nokkur námskeið fyrir atvinnuleitendur á árinu 2018 og og til stendur að bjóða upp á fleiri námskeið fyrir Vinnumálastofnun og Virk í haust 2019.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í samningnum fólst að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun tækifæri til að mennta sig og þannig bæta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat. Ráðgjöfin hefur gengið vel sem og námsleiðirnar og raunfærnimat vaxið með ári hverju.

8. Starfsáætlun 2019

Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2019. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2018 var fjölbreytilegt í nýju húsnæði. Aðsókn er misjöfn eftir árum og námsleiðir og raunfærnimat átt stóran sess í starfseminni sem og fyrirtækjaverkefni. Tómstundanámskeið eru að breytast og flest eru þau um hollt matarræði og líferni. Vorið 2018 hófst með flutningi af Strandvegi yfir í Fiskiðjuna og því hófst starfsemin seinna en árin á undan. Námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir hafa verið í miklum meirihluta á vorönninni ásamt íslensku fyrir útlendinga. Á vorönn 2019 hefur verið helst til rólegt hjá okkur í námskeiðahaldi en mikil vinna farið í raunfærnimat sem og endurskoðun allra námskeiða fyrir endanlegan flutning allra upplýsinga Visku yfir í Innu. Gerður var nýr samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og kveður hann m.a. á um ný vinnubrögð m.a. vegna nýrra persónuverndarlaga.

9. Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt. Flestir eru fjarnemar frá Háskólanum á Akureyri en aðrir háskólar eiga líka nema í fjarnámi. Það er miður að háskólar á Íslandi

skuli ekki sjá sóma sinn í að bjóða upp á fleiri greinar í fjarnámi en raun ber vitni. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins. Fjarnemum sem notfæra sér aðstöðu í Visku hefur fjölgað jafnt og þétt. Árið 2016 margfaldaðist fjöldi einstaklinga í próftöku hjá Visku eins og sjá má á mynd 11 og árin á eftir hefur próftökum fjölgað jafnt og þétt. Ekki er ljóst hve margar próftökur verða nú í vor því próf standa enn yfir. Í dag eru prófin orðin 95 talsins Raunfærnimat í skipstjórn er að fjölga nemendum sem stunda dreifnám frá Skipstjórnarskólanum. Einnig eru á hverju ári nemar í einkaþjálfun eða háskólabrú frá Keili.



Mynd 11 sýnir þróun próftöku hjá Visku síðustu ár.

10. Samantekt og framtíðarsýn

Starfsárið 2018-2019 var skemmtilegt á svo mörgum sviðum. Það að koma sér fyrir í nýju húsnæði með nýjum samstarfsaðilum setur alltaf svip sinn á starfsemi stofnanna. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa ríkum skyldum að gegna við fólkið í landinu. Það var því mikið gæfuspor sem tekið var þegar Viska var stofnuð fyrir sextán árum síðan. Í þau ár hefur Viska þróast, dafnað og breyst í takt við þörf markhóps og tækniþróun.

Starf Visku eins og hinna símenntunarmiðstöðvanna byggir á samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framhaldsfræðslu og símenntun, á grunni laga um framhaldsfræðslu frá 2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þetta felur í sér þá skyldu okkar sem störfum að framhaldsfræðslu og símenntun að þjónusta þann hóp fólks sem hefur ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun með fjölbreyttum námskeiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Verkefnin eru fjölbreytt og geta verið ólík eftir landshlutum, allt eftir starfsumhverfi símenntunarmiðstöðvanna. Í umræðu um menntun á Íslandi hefur eitt helsta þrástefið verið áhyggjur af lágu hlutfalli íslenskra ungmenna sem ljúka framhaldsskólanámi á tilsettum tíma (sjá t.d. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Þessar áhyggjur hafa þó dvínað samhliða því að komið hefur í ljós að á Íslandi ljúka hlutfallslega fleiri framhaldsnámi á þrítugsaldri eða síðar en í nokkru öðru OECD-landi (OECD, 2018).

Hópur ungs fólks hefur hrakist úr framhaldsskólum á Íslandi og um leið hafa fleiri og betri tækifæri boðist á íslenskum vinnumarkaði. Þannig hefur brotthvarf úr framhaldsskóla almennt aðra lífssögulega merkingu á Íslandi en brotthvarf í þeim löndum þar sem annars vegar er meiri opinber fjárhagsstuðningur og hins vegar er ekki um jafn mikil tækifæri á vinnumarkaði að ræða fyrir ófaglært ungt fólk.

Raunfærnimat er leiðin að námi aftur. Þátttakendur í raunfærnimati átta sig á eigin þekkingu og færni við að fara í mat. Fyrir suma nægir að uppgötva eða fá viðurkenninguna en flestir nýta þó raunfærnimatið til að sækja það nám sem þá vantaði til að ljúka lokaprófi í sinni iðn eða starfsnámi. Þarna er mikilvæg reynsla þeirra á vinnumarkaði metin á móti námsskrá í framhaldsskóla og þá er ekki aftur snúið. Niðurstöður raunfærnimatsins leiðir til þess að áhugahvötin vaknar hjá þátttakendum sem aftur leiðir til þess að þátttakendur ljúka námi. Sumir taka bóklegu greinarnar í símenntunarmiðstöð en faglegu greinarnar í framhaldsskóla.

Mikil ásókn í raunfærnimat á Íslandi sýnir að oft getur námslöngun vaknað á fullorðinsárum þar sem próflaust fólk hefur lært í starfi innan starfssamfélaga. Námslöngun getur líka kviknað meðal þeirra sem á unglingsárum drógust ekki að skólanum en frekar að opnum vinnumarkaði. Rannsóknir sýna að nokkrum árum síðar eru margir úr þessum hópi farnir að líta skólanám jákvæðari augum, ekki síst til að eiga kost á meira gefandi vinnu, starfsframa og þokkalegum tekjum.

Þegar upp er staðið erum við mest í því að hlaða námsskrefum, misstórum og litlum, í bakpoka markhópsins okkar. Á þeirri leið eru hænuskrefin oft ekki síður mikilvæg en stærri námsleiðirnar. Það er mitt mat að mjög þung rök standi til þess að hagsmuna þeirra sé gætt og hún marki starfsemi markhópa framhaldsfræðslunnar.

Samkvæmt tilmælum frá ráðherraráði Evrópusambandsins frá 2012 er mælt með því að aðildarríkin innleiði raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir árið 2018 og því liggur fyrir að íslenskir háskólar þurfa að bregðast við og þróa leiðir til að innleiða raunfærnimat á háskólastigi. Það er því þörf á því að kanna hvort og þá hvernig raunfærnimat geti reynst sem verkfæri á háskólastiginu á Íslandi.

Íslenskir háskólar þurfa að að taka afstöðu til þess hvernig þeir ætla að svara kalli frá menntastofnunum Evrópu frá atvinnulífinu og öðrum í samfélaginu. Háskóli Íslands hefur hafið þessa vinnu og fyrstu skref hafa verið tekin við að skoða raunfærnimat með hliðsjón af þróun fagháskólanáms við skólann. Full ástæða er til þess að setja af stað skipulagða vinnu við að skoða möguleika og fýsileika þess að bjóða upp á raunfærnimat bæði til inngöngu í háskóla og til styttingu náms við háskóla á Íslandi.

Í þeim nágrannalöndum okkar þar sem raunfærnimat hefur verið innleitt á háskólastigi, virðist vinnulagið vera svipað. Raunfærnimat er í höndum hverrar háskólastofnunar fyrir sig og virðast aðeins sumar deildir einstakra háskóla vera byrjaðar að veita þessa þjónustu. Algengast er það innan tækni-, heilbrigðis- og viðskiptagreina. Í mörgum nágrannalöndunum hefur helsti drifkrafturinn verið aukinn fjöldi flóttamanna og fólks af erlendum uppruna sem af einhverjum ástæðum getur ekki sýnt fram á menntun sína, frekar en að markmiðið hafi verið að bjóða öllum upp á raunfærnimat byggt á mati á þekkingu og færni sem fólk hefur aflað sér með óformlegu námi og reynslu. Þó eru sum lönd lengra komin og þar er raunfærnimat á háskólastigi opið öllum og er ferlið við umsókn um raunfærnimat ekki mikið frábrugðið því að óska eftir mati á fyrra námi.

Framhaldsfræðslu á vettvangi atvinnulífsins hefur vaxið fiskur um hrygg og er hún nú margháttuð og umfangsmikil. Hún gegnir lykilhlutverki í stuðningi við markmið um aukna menntun og hærra menntunarstig þjóðarinnar. Það góða og mikilvæga starf sem unnið hefur verið hjá símenntunarmiðstöðvunum er óumdeilt. Halda þarf áfram að finna leiðir til að ná til markhópsins, skilgreina menntunarþarfir hópsins og tryggja áframhaldandi gæði framhaldsfræðslu.

Styrkur okkar er án nokkurs vafa nálægðin við fólkið. Ekkert kemur í stað persónulegrar þjónustu og er það skylda okkar að veita öllum jafn góða og persónulega þjónustu. Samfélagið breytist hratt og sérhæfingin eykst í atvinnulífinu. Öllum þeim sem Viska hefur verið í samskiptum við á árinu eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir til starfsfólks og stjórnar fyrir gott og gjöfult samstarf.

Vestmannaeyjum 13. maí 2019

_____

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

Rekstraráætlun Visku 2019

Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2019	kr.	23.800.000
Samningar v/FA um vottaðar námsl. *	kr.	10.000.000
Samn. v/FA - náms- og starfsráðgjöf *	kr.	4.000.000
Samningar v/FA v/ raunfærnimats *	kr.	5.000.000
Námsleiðir þátt.gjöld	kr.	2.000.000
Samningur við Fjölmennt v/námskeiða	kr.	750.000
Íslenskukennsla fyrir útlendinga *	kr.	3.000.000
Almenn námskeið og önnur verkefni	kr.	3.000.000
Aðrar tekjur	kr.	1.500.000
Fjármagnstekjur -nettó-	kr.	2.500.000
Samtals tekjur	Kr	55.550.000

Gjöld:

Laun, launat. og ökutækjastyrkir	kr.	27.100.000
Grunnleiga vegna Ægisgötu 2	kr.	4.400.000
Rekstur húsnæðis, sam.& sérþjónusta. ÞSV	kr.	4.300.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat *	kr.	11.000.000
Rekstur, FS net og viðh.upplýsingakerfa *	kr.	4.000.000
Bókhald, endurskoðun, ofl.	kr.	1.300.000
Gjaldfærður stofnbúnaður	kr.	1.000.000
Annar kostnaður	kr.	2.200.000
Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr.	55.300.000
Tekjur umfram gjöld	kr.	250.000

* Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur ekki lokið samningum við viðurkennda fræðsluaðila v/2019, en byggt á áætluðum niðurstöðum. Rannís hefur ekki lokið úthlutun v/ísl.kennslu fr. útlendinga. Breyting á samningsupphæðum hefur mest áhrif á *merkta gjaldaliðina.
Rekstraráætlun Visku 2019, rekstrartekjur og útgjöld var tekin til umræðu og samþ. á stjórnarfundi 12. febrúar 2019.

Vestmannaeyjum 12. febr. 2019 – Arnar Sigurmundsson, form..

Tækja- og eignalisti

Frá 2003 uppfærður 09.05.2019
Afskrifuð tæki og hlutir felld niður af lista

Tæki/áhöld	**Staðsetning**
Skjalavarpi	Geymslu Fiskiðju
Skrifborð	Strandvegur 50 í geymslu

2004

Pappírstætari	Þjónustufulltrúi 2. Hæð Fiskiðju
AKG Wierless	Geymsla hjá Gogga

2005

Polycom myndfundabúnaður V500	Úreldur
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Úreldur
Örbylgjuofn	Seldur 2018
Samlokugrill	Fiskiðju, lesstofa

2006

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Fiskiðju í geymslu
Sýningartjald	Geymslu í Fiskiðju
2 IBM Skjáir 19”	Seldir 2018
10 borð	Miðklettur Fiskiðju

2007

Whirpool kæliskápur	Strandvegi 50
Silver line plöstunarvél	Þjónustufulltrúi 2. Hæð Fiskiðju
Auglýsingastandur	Fiskiðju
Sony 46” Bravia Plasmasjónvarp	Selt 2018
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni í Visku
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá sérkennara Visku og FÍV

2008

HDX 8004 XLP fjarfundabúnaður	Í skáp hjá þjónustufulltrúa í Fiskiðju
HP scanjet G3010	Úreltur 2018

2009

Bernina saumavél	Í geymslu (VG)

2010

Skrifborð, hillur og stóll	Skrifborð selt, hillur úreltar og stóll í notkun í Visku
Þráðlaust headset fyrir síma	Geymslu Fiskiðju

2011

Scott útvarp	Geymslu Fiskiðju
Scott útvarp	Geymslu Fiskiðju
Router Cisco Linksys E2000	Geymslu Fiskiðju
Prentari	Á Strandvegi 50 (AS)
Tíu fartölvur til kennslu Dell Premium	2 seldar og 4 gefnar til góðra málefna 3 eftir

2012

Tvö sjónvörp Sony Bravia	Seld 2018
Fjarfundabúnaður Polycom QDX 6000	Hákollum Fiskiðju
Router Port Fast Ethernet Switch	Geymslu Fiskiðju
Gjallarhorn SHO-ME	Strandvegur 50, (AS)

2013

Samsung sjónvarp	Geymslu hjá Gogga í Fiskiðju
Lenovo idealpad fartölva	Hjá námsráðgjafa
Lenovo ideapad, kennslutölva	Úrelt 2019
Samsung diskaflytjari	Á skrifstofu Visku
Dell borðtölva	Skrifstofa forstöðumanns

2014

Headphones fyrir fjarfundi	Hjá námsráðgjafa
AcerAspire Switch	Geymslu í fiskiðju
Flettitafla á hjólum	Geymslu í Fiskiðju

2015

Bestå skápar frá Ikea	Á dekkinu og á rannsóknargangi í Fiskiðju
Fatahengi frá Pennanum	Kennslusalir Fiskiðju
70 stólar frá Pennanum eignfærðir	Fiskiðju Heimaklettur
20 borð frá AJ eignfærð	Fiskiðju Heimaklettur
Tússtafla	Heimaklettur Fiskiðju
Skjávarpi	Heimaklettur Fiskiðju
Hljómflutningstæki	Heimaklettur Fiskiðju
Dolche Gusto kaffivél	Lesstofa Fiskiðju
3 veggklukkur	Strandvegur 50 1. hæð
Billy skápur frá Ikea	Skrifstofa Visku í Fiskiðju
Tvö háborð	Opnu rými Fiskiðju
Electrolux uppþvottavél	Eldhús 1. hæð Strandvegi 50
Tölva-brix	Hákollum í Fiskiðju

2016

Acer spjaldtölvur 5 stk	Læstum hleðsluskápur Fiskiðju

Skjalaskápur úr Ikea	Opnu rými við prentara í Fiskiðju
Kallax hillur hvít og svört	Hvíta í lesstofu, svarta í geymslu í Fiskiðju
Skápahirslur frá Ikea	Opnu rými Fiskiðju
30 stólar frá Pennanum-eignfærðir	Miðklettur Fiskiðju
2 eldhúseyjar frá Ikea	Lesstofu og eldhúsi Fiskiðju
Skáphirsla frá Ikea	Við kaffistofu í Fiskiðju
Kaffivél Tecnic worm	Geymslu Fiskiðju (VG)
Bose hátalari	Neðri Kleifar Fiskiðju
Vefmyndavél	Hákollar Fiskiðju
Ryksuga	Seld 2018

2017

10 Lenovotölvur	Læstum hleðsluskáp í Fiskiðju
Tölva-brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borðtölva	Skrifstofa Visku (SB)
Tölvuskjár	seldur
Fartölva Lenovo	Notuð í kennslu
Brix	Efri Kleifar Fiskiðju
Porsche flakkari	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Nitro harddrive, backupgeymsla	Skrifstofu Visku í Fiskiðju
Crestron air media	Skrifstofu Visku Fiskiðju

2018

2 Turnskápar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
2 Rafknúin skrifborð	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Bókahillur og skápar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Sófi og 2 stólar	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Sófaborð	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Standlampi	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Brix	Heimaklettur
Brix	Neðri Kleifar Fiskiðju
Borð og stólar eignfært	Lesstofa
Samsung A6 sími	Forstöðumaður
Hilla á hjólum	Skrifstofa Visku
Bose heyrnartól	Skrifstofa Visku
Airpods	Skrifstofa Visku

2019

Rakatæki	Skrifstofa Visku Fiskiðju
Canon prentari	Skrifstofa Visku Fiskiðju